

## VISTRÆKT-BORGARBÚSKAPUR-SJÁLFBÆRNI

**Vistrækt** (permaculture = permanent agriculture) er alþjóðlegt, skipulegt kerfi sjálfbærrar ræktunar við margs konar skilyrði, allt frá húsagörðum í þéttbýli til bújarða í sveitum, einkum með lífrænni ræktun og blönduðum búskap. Síðan frumkvöðlarnir, Bill Mollison og David Holmgren kynntu fyrst hugtakið í Ástralíu árið 1978 hefur það þróast á ýmsa vegu. Enn eru matvælaframleiðsla og fæðuöryggi veigamiklir þættir og farið er að taka með t.d. skipulag borga, hönnun húsa, nýtingu vatns, fjármálakerfi, viðskipti, listir og menntun. Þannig er nú gjarnan talað um „permanent culture“ þar sem hannaðar eru vistarverur og umhverfi fyrir fólk og búfé með sjálfbærum hætti. Allt er tengt við vistkerfi og umhverfisvernd.

**Borgarbúskapur** (urban agriculture/city farming) er gjarnan nátengdur vistrækt í kaupstöðum og kauptúnum og tengist nú í vaxandi mæli viðleitni þéttbýlisbúa til að efla staðbundið fæðuöryggi og vera ekki algerlega háðir að- eða innfluttum matvælum. Þessi þróun er skammt á veg komin hér á landi en kemur þó m.a. fram í starfsemi Vistræktarfélag Íslands sem var stofnað fyrir nokkrum árum, einkum í tengslum við garðyrkju. ([vistraektarfelag@gmail.com](mailto:vistraektarfelag@gmail.com)).

### Tilvísanir

**Permaculture**, rit sem Permanent Publications í Bretlandi gefur út ársfjórðungslega, bæði í prent- og vefútgáfum ([www.permaculture.co.uk](http://www.permaculture.co.uk) ; [info@permaculture.co.uk](mailto:info@permaculture.co.uk)).

Þar eru m.a. fáanlegar eftirtaldar bækur:

***The Earth Care Manual*** eftir Patrick Whitefield (1949-2015).

***Permaculture in a Nutshell*** eftir Patrick Whitefield.

***The Permaculture Garden*** eftir Graham Bell (1953-2023).

***Sauðffjárbúskapur í Reykjavík*** eftir Ólaf R. Dýrmundsson, útg. Hið íslenska bókmenntafélag ([oldyrm@gmail.com](mailto:oldyrm@gmail.com)).